

Viðtal? Jón Axel brást við því eins og sannur sjentilmaður. Án þess að ég vissi þá, hvað hann ætti erfitt með að tala um myndir sínar. Og ég? Um hvað ætlaði ég að spyrja? Hvert hann væri að fara með verkum sínum? Hvaða stefnu hann aðhylltist í myndlist? Hvort honum þættu góðar kartöflur?

Því er þannig farið með góðar myndir að mig hvorki langar né vil tala um þær. Samt leiðist maður út í það, lendir í ógöngum, fer í hring og kemur aftur á sama stað. Málverkin hanga enn uppi á vegg (eins og ekkert hafi í skorist) og maður þykist þó hafa lært það á leiðinni að leiðin var röng. Eða eru leiðir rangar? Svo framarlega sem maður lærir eitthvað í ferðinni. Þó ekki væri annað en að reyna svoltið á sig, og finnst maður í lokin vera næstum krossfestur, eins og Jón Axel sagði í lok viðtalsins. Og blaðamaðurinn hugsar með sér skelfingu



Jón Axel á sýningu sinni á Kjarvalsstöðum. Mynd - Sig.

# Fólk er krossfest

lostinn: Er ég búin að krossfesta mann! – Og er jafnvel sjálfur svoltið eins og hengdur upp á þráð. En hér hefst viðtalið.

– Og eins og köttur sem fer í rökréttan hring kringum heitan graut, þá verður maðni fyrst á að spyrja:

– *Er það ekki svipað fyrir myndlistarmann að tala um verk sín og það væri fyrir rithöfund að tjá sig um bók með teikningum?*

„Jú. Ætli það ekki. Ég vil helst ekki tjá mig um mín verk. Það er út í hött, bæði vegna mín og það stelar ákveðinni tegund af upplifun frá áhorfandanum. Það er fyrst og fremst áhorfandinn sem verður að byggja brú milli sín og verksins, því listamaðurinn hefur þegar lagt til sinn skerf. Leiðin er oft lokuð eða torfær. Stundum hjálpar að útskýra verk fyrir áhorfendum. Þetta er líka spurning um opin huga, að fólk sé móttækilegt. Áhorfendur eru oft hættulega lokaðir. En listfræðingar og gagnrýnendur eru betur til þess fallnir að útskýra verk en listamaðurinn sem er engan veginn fær um að sinna upplýsingaskyldu um verk sín. En listfræðingar og gagnrýnendur eru misjafnir og gera stundum illt verra með því að tjá sig eða negla verkinn inn í skilgreiningar.“

## Upplifun er allt

– *Um hvað ertu þá að fjalla í verkum þínum?*

„Ég veit það ekki. Ég tek mikið tillit til tæknilegra þátta. Myndbyggingarleg atriði og litanotkun skiptir mig miklu máli. Krossar, krossfestingar, vötn og mannlíkaminn koma fyrir aftur og aftur. Ég reyni að koma því til skila hvernig ég upplifi manneskjuna í umhverfinu, án þess að skilgreina. Þetta eru ekki sjálfmyndir, en ég hlýt að nota í myndum mínum, hvernig ég upplifi sjálfan mig í tengslum við aðra. Það er svo undir fólk komið, hvort það skírskotar til þess. Hvort áhorfendur finna samsvör.“

– *Hvernig vinnurðu?*

„Ég vinn allt árið. Þó eru alltaf

tveir mánuðir á hverju ári þar sem ég vinn ekkert. Er alveg tómur. Það er ekki árstíðabundið. Ég verð ekki endilega var við breytingar í þessu tómarúmi og ég byrja iðulega á sama punkti og þegar ég hætti. Ég vinn mjög hratt. Í einni lotu og skissa ekkert. Geri alltaf eina mynd í einu.“

– *Finnst þér það þroska þig tilfinningalega að mála?*

„Ég verð ekki var við það sjálfur. Það birtist kannski á annan hátt. Í öðru málverki. Seinna. Þetta eru meira eins og ósjálfráð viðbrögð. Að mála. Ef þú ert sleginn í vitlausu beinið undir hnéskelinni, þá kippist fóturinn við. Persónurnar í verkunum eru bæði í lausu lofti og njörvaðar niður. Liturinn í bakgrunninum táknar eitthvað ákveðið, tilfinningu eða hugsun. Hver litur, t.d. rautt, þarf ekki alltaf að tákna það sama. Ég nota hvern lit til að túlka þá tilfinningu sem mér hentar í það skiptið. Allt eftir aðstæðum. En þetta eru tvær hliðar, tæknileg hlið sem veltur meðvitund áfram og ég reyni að þróa. Og tilfinningalega hliðin sem er óljósari.“

## Ekki spegill

– *Kynnistu sjálfum þér í gegnum verk þín?*

„Það eru viss tengsl sem gera vart við sig eftir á. En ég lít ekki á verk mín sem spegil eða tæki til að skoða sjálfan mig. Það gerist þá án þess að ég verði var við það. Þetta er spurning um upplifun.“

– *Og svo ertu að kenna?*

„Ég kenni módelmálun. Það var aldrei ætlun mín að fara út í kennslu. En meira peningaspursmål. Það er líka í mér rótrógróin andúð á skólum. Kennslan klyfur mig í herðar niður. Maður veit aldrei hvort maður er að gera rétt eða rangt gagnvart nemendum. Myndlist er ekki hægt að kenna. Nema ef til vill að gagnrýna. Og gagnrýni er ofurviðkvæmur hlutur. Kannski er hægt að kenna örfá atriði eins og þætti í myndbyggingu, listasögu, meðferð lita og verkfæra.“

– *En geturðu útskýrt verk þín fyrir sjálfum þér? Þó þú viljir ekki að það fari hátt.*

„Nei. Verk mín eru endapunktur á ákveðnu ferli. Og engin fjarstýring með í spilinu. Þetta er allt saman inni í mér. Bara spursmál um að koma því út. Þess vegna þarf ég ekki að gera neina úttekt, heldur bara sjá hvað gerist. Skýringin á málverkinu er fólgin í málverkinu sjálfu. Ég finn ekki fyrir neinni þörf til að skilja sjálfan mig.“

– *Svo ertu búinn að gera skúlptúr?*

„Þetta er fyrsti og eini skúlptúrinn minn. Hann kemur í beinu framhaldi af myndunum mínum og ég horfi alltaf á hann eins og málverk. Skúlptúrinn er unninn mjög nákvæmlega, eftir skissum og útreikningum. Í upphafi ætlaði ég í skúlptúr, en höggmynda-deildin var lokuð þegar ég komst inn í skólann. En ég hef áhuga á að halda áfram með skúlptúra. Sem eru raunverulegri en málverkið. Málverk eru meira eins og kópíur og svoltið ósnertanleg. Þau bjóða líka heim vissri skreytiþörf sem ég óttast. Skúlptúrinn er ögrandi. Hann getur verið fyrir manni. Hægt er að banka í hann og möguleiki á að ganga í gegnum verkið. Ef maður þorir.“

Það er ekkert sérstakt efni sem heillar mig öðru fremur. Ég hugsa mér að vinna með það efni

**„Bara. Eins og ég upplifi. Hlutina. Manneskjur eru takmarkaðar í vatni og. Á krossi. Geta svo lítið hreyft sig. Vatnið í myndum mínum er ekki. Kyrrlát sundlaugarvatn en. Stórsjór á hafi úti. Dekrað nútímafólk er svo illa. Í stakk búið til að fást við öfl. Náttúrunnar.“**

sem er hentugast í hvert skipti. Ég þekki járn vel. Ég vann einu sinni á vélaverkstæði og var meira að segja kominn á samning. Kannski vegna þess að ég er kominn úr mikilli vélafjölskyldu. En svo fór ég á námskeið í módelteikningu.“

– *Var það þá sem þú ákvaðst að gerast listmálari?*

„Ég vissi alltaf af þessu hjá mér. Ég tók nokkur ár í það að efast. En lífið veltur áfram. Mér er lítið gefið um að stýra því. Vil bara lofa hlutunum að koma. Það var reyndar eitt sem breytti miklu fyrir mig: *Nýja málverkið*. Ég var alveg stopp eftir skólann en fór aftur af stað eftir að ég kynntist nýja málverkinu. Nýja málverkið var bylting. Fyrir þann tíma hafði ríkt stöðnun í nokkur ár. Og þó nýja málverkið yrði bindandi, opnaði það leiðir í margar áttir. Nú er meira leyfilegt en áður. Helder en fyrir 5 eða 6 árum, þegar nýja málverkið kom og allir áttu að mála þannig. Þetta hefur kvíslast og málverkið er persónulegra en áður.“

## List til sölu

„En það er hættuástand í listinni, eins og á öðrum vígstöðvum. Menn leggja ofurkapp á að fá sem mesta peninga út úr listinni. Það er óskaplegur hraði og allt tilbúið. Rétt eins og hver önnur tíska. Þessi hraði var ekki til í listinni. Þróunin frá Cézanne til kúbismans var mjög edlileg, eitt leiddi af öðru. En þegar söðlað er um í dag, þá er það gjarnan í andstöðu við það sem hefur verið ríkjandi í nokkur ár á undan. Sýningin í Kazzel, Dokumenta, er dæmi um þetta. Það er velt upp aðeins einum fleti á málinu.“

– *Er þá hættu á að þróun í listinni stöðvist?*

„Nei. Ætli það sé nokkuð hægt að stoppa þróunina. Það er hins vegar hægt að rugla hana. Þegar einungis eitt er látið heita gott og gilt. Ef listamenn eru að gera eitthvað annað en það sem er efst á baugi, verða þeir að loka sig inni í byrgjum. Og þeir gera það líka. Á meðan holskeflan ríður yfir. Tökum amríska graffiti málaraða sem dæmi. Þeir voru

teknir úr undigöngum New York, dubbaðir upp í bleikan kádiljæk og verk þeirra sprejuðu inn í gyllta ramma. Svo eftir nokkur ár máttu þeir náðarsamlegast hypja sig ofan í undirgöngin aftur. Listin sjálf skiptir sölumenn svo til engu máli, bara peningarnir. Allt er slitið úr samhengi og stillt upp í vitlausri röð. Og það þýðir ekkert að halda því fram að þetta hafi alltaf verið svona.“

– *En listamenn? Eiga þeir að láta kaupa sig?*

„Þeir bera enga ábyrgð. Þeir eru búinir að klára sitt verk. Og ekkert óedlilegt að menn vilji fá peninga. En það er verið að gelda hlutina með þessu móti. Menn þróast og breytast á sínum ferli. En áhorfendur hafa engin tök á því að fylgjast með, því það er alltaf einhver *nýr* sem þarf að selja. Í París í gamla daga höfðu þessir kallar tækifæri til að koma sér þökkalega fyrir. Enn þann dag í dag er auðvelt að fylgjast með því sem þeir eru að gera.“

– *Hvaða þýðingu hefur það fyrir þig að sýna?*

„Ég fæ nýja afstöðu til verkanna og hlutlausari. Ég hef komist út úr þeim og get skoðað þau eins og hver annar. Margt sem ég kem auga á sem sást ekki í vinnunni. Eins og Sóley, konan mín, segir: Það er svitalykt af myndunum á vinnustofnunni. Á sýningu eru þau eins og eftir sturtubað.“

## Fólk er krossfest

Svo reynum við að komast í gegnum myndirnar. Krossfestingar, vatn, manneskjur sem gjarna eru ekki nema hönd og höfuð. Í aðþrengdu umhverfi. Sterkir litir. Spenna. Á einum stað er maður að toga í selsfætur, en Jón Axel segir að hann sé að lyfta upp fótum. Sennilega sínum eigin. Og er leikfangasmiðurinn að smíða kross.

– *Af hverju ertu að krossfesta mennina þína?*

„Ætli mér finnst ekki fólk vera krossfest. Alveg eins og núna finnst mér hálfpartinn eins og verið sé að krossfesta mig með þessu viðtali.“ – Hér lýkur viðtalinu.

–ekj